

Skýrsla

Nafn verkefnis: Persónumöppur í 7. bekk

Höfundur/höfundar: Katrín Úlfarsdóttir og Anna Hulda Hjaltadóttir

Tímabil: Veturinn 2006-2007

Árgangur/árgangar: 7. bekkur

Stutt lýsing á verkefninu: Námsmappa sem nemendur safna í ákveðnum verkefnum í íslensku. Á haustönninni leit listinn svona út:

- *Umsögn um eina lesna bók á önninni.*
- *2 skriftarverkefni.*
- *2 stafsetningarverkefni þ.a. eitt heimaverkefni.*
- *1-2 ritunarverkefni gjarnan myndskreytt.*
- *Málfræðiverkefni – sýnishorn af prófi eða ljósrit af verkefni úr námsbók.*
- *Greining á ljóði.*
- *Sýnishorn af frumsömdu ljóði.*

Umsögn foreldris um valið verk úr möppunni.

Umsögn nemanda um valið verk úr möppunni. Dæmi um spurningar: Af hverju gerðir þú það svona, hver er kveikjan að verkinu og hvað finnst þér um það?

Meginmarkmið:

- útbúa heimildasafn
- gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu
- gera nám og framfarir sýnilegri
- gera nemendur kennara og foreldra meðvitaða um hvaða aðstoðar er þörf.

Útfærsla: Verkefnum skal skila í teygjumöppu úr pappa (ekki plastmöppu) sem hefur verið persónugerð með skreytingum í samræmi við áhugasvið hvers og eins í samvinnu við textílmennt.

Mat: Mappan gildir 25% af annareinkun í íslensku á haustönn en 20% á vorönn. Marklistar fyrir kennara, nemendur, foreldra. Gögnum haldið til haga/leiðabók kennara.

Hvað gekk vel? Nemendur voru fljót að átta sig á því hvers var ætlast til af þeim. Voru jákvæð og unnu vel, áhugasöm um möppurnar og frágangin á þeim. Held að það skipti einmitt máli hvernig gengið er frá persónumöppum. Mjög gott að hafa svona verkefnasafn í foreldraviðtölum.

Hvað hefði mátt fara betur?

Erfitt fyrir nemendur sem halda illa utanum gögnin sín og þess vegna hefði verið betra að byrja á því að safna í möppuna strax í upphafi annar. Gefa þá þann möguleika að skipta um verkefni. Spyrja: "Væri þetta verkefni sem hentar í persónumöppuna þína?"

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Já, sjá hér að ofan hvað hefði mátt fara betur.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Mitt mat (Katrín) er að nemendur hafi upplifað verkefnið á jákvæðan hátt.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Umfjöllun um fjölbreytt námsmat í vetur hefur fyrir utan þetta tiltekna verkefni í íslensku haft þau áhrif að prófað hefur verið ýmislegt í námsmati
Markvisst hefur verið unnið að því að gera nemendum skriflega próftöku auðveldari og skil til nemenda eru nánast alltaf einstaklingsleg þannig að farið er yfir verkefni/próf/verkefnabækur með hverjum og einum og matið útskýrt. Hvað er gott og hvað má betur fara.